

Nefndasvið Alþingis  
skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2020

**Frá: Bændasamtökum Íslands, útgefanda Bændablaðsins**

**Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, með síðari breytingum (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.), 458. mál.**

Upphaflegt frumvarp (mál nr. S-34/2019) var birt á samráðsgátt Stjórnarráðsins 31. janúar 2019 og skiluðu Bændasamtökin umsögn á þeim tíma. Bændasamtök Íslands eiga og reka Bændablaðið og veita eftirfarandi umsögn um endurskoðað frumvarp mennta- og menningarmálaráðherra eins og það liggur fyrir.

#### I.

Útgefandi Bændablaðsins fagnar því að stjórnvöld hyggist styðja við rekstur einkarekinna fjölmiðla. Hins vegar er harmað að endurgreiðsluhlutfall, sem í fyrra frumvarpi var allt að 25% af tilteknum hluta ritstjórnarkostnaðar, skuli vera lækkað í 18% í nýju framvarpi. Þessi breytingartillaga mun helst koma niður á smærri fjölmiðlum en ekki hafa teljandi áhrif á stærstu fjölmiðlana sem fara yfir hámarksviðmið við endurgreiðslu vegna rekstrarumfangs. Einnig eru vonbrigði að lægri upphæð er varið til niðurgreiðslu kostnaðar en í fyrra frumvarpi.

Það skilyrði sem sett er fram að prentmiðlar skuli að lágmarki koma út fjórutíu og átta sinnum á ári gerir það að verkum að prentútgáfa Bændablaðsins fellur ekki undir úthlutunarreglur. Útgefandi blaðsins lýsir sig andsnúinn þessu skilyrði.

Í skilgreiningu á tíðni fréttu á netmiðlum er sagt að „miðlar skuli daglega miðla nýjum fréttum eða fréttatengdu efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni“. Ekki er ljóst hvort þarna sé átt við alla daga ársins eða aðeins virka daga. Skýra þarf betur þessa skilgreiningu.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir stöðu Bændablaðsins og rökstutt hvers vegna rýmka ætti reglur um fjölda útgáfudaga svo blaðið geti notið stuðnings eins og prentmiðlar sem koma út 48 sinnum eða oftar á ári.

#### II.

Bændablaðið er rótgróið blað sem var stofnað í núverandi mynd árið 1995. Það er mál gagn bænda og landsbyggðar en hefur breiða skírskotun í íslensku samfélagi. Blaðið miðlar fréttum, fræðsluefni og samfélagslegum málefnum. Upplag blaðsins verður að teljast allstórt en það er prentað í 32 þúsund eintökum. Blaðið er gefið út 24 sinnum á ári, að jafnaði á tveggja vikna fresti. Fjöldi útgefinna blaðsíðna var 1.424 árið 2019. Bændablaðinu er dreift til allra lögbýla landsins, í matvöruverslunum, söluturnum, á sundstöðum og víðar, alls á ríflega 400 dreifingarstöðum. Þó að blaðið sé fríblað eru um 500 áskrifendur sem greiða áskriftargjöld fyrir það að fá blaðið sent til sín.

Samhliða útgáfu Bændablaðsins er haldið úti vefnum bbl.is. Þar er mest af efni blaðsins birt eftir að prentaða útgáfan kemur út en einnig nýtist vefurinn til þess að flytja daglegar fréttir af landbúnaði og skyldum málefnum. Heimsóknafjöldi á bbl.is eykst hröðum skrefum en um 800-1.200 gestir heimsækja vefinn á degi hverjum. Vefur Bændablaðsins gegnir mikilvægu hlutverki við að skrá og halda utan um smáauglýsingar Bændablaðsins og dreifa pdf-útgáfu

blaðsins sem er ókeypis. Stór hluti veffrétta rennur í gegnum Facebook-síðu Bændablaðsins en samfélagsmiðillinn gegnir mikilvægu hlutverki við dreifingu fréttanna sem miðlað er á bbl.is.



Tímarit Bændablaðsins kemur út einu sinni á ári. Í ritinu eru viðtöl og umfjöllun um málefni landbúnaðarins. Þá eru fyrirtækjakynningar í seinni hluta ritsins sem greitt er fyrir. Tímaritinu er dreift ókeypis á öll lögbýli, til áskrifenda og í helstu fyrirtæki sem starfa í landbúnaði. Upplag er 8.000 eintök.

Nýjasta viðbót við miðlun Bændablaðsins er „Hlaðan – hlaðvarp Bændablaðsins“. Þar eru fjölbreyttir þættir sem tengjast landbúnaði.

Sama ritstjórn vinnur Bændablaðið, Tímarit Bændablaðsins og heldur úti bbl.is, Hlöðunni og sér um innsetningu á samfélagsmiðla.

### III.

Í fjölmiðlakönnun Gallup sem kynnt var í ársbyrjun 2019 mælist Bændablaðið annað mest lesna blað landsins og er vinsælasta blaðið á landsbyggðinni. Þetta sýnir svart á hvítu að Bændablaðið nýtur hylli lesenda og langt út fyrir starfsstétt bænda.



Bændablaðið tók í sjöunda skipti þátt í prentmiðlakönnun Gallup á síðasta ársfjórðungi ársins 2018. Helstu niðurstöður voru þær að Bændablaðið er með 29,5% meðallestur yfir landið allt og er það aukning frá árinu á undan. Á landsbyggðinni stendur lestur blaðsins í 45,6%. Yfirburðir Bændablaðsins á landsbyggðinni eru ótvíræðir þegar prentmiðlar eru bornir saman. Þar er Fréttablaðið með 24,6% lestur og Morgunblaðið með 22,1% lestur. Á höfuðborgarsvæðinu mælist lestur Bændablaðsins 20,4%. Úrtakið í könnun Gallup var Íslendingar á aldrinum 12-80 ára af landinu öllu.

#### IV.

Hjá Bændablaðinu starfar fólk í fimm stöðugildum. Auk þess treystir útgefandinn á vinnuframlag verktaka sem búa víðs vegar um landið. Einn starfsmaður í hlutastarfi býr í Noregi.

Meginkostnaður við útgáfu Bændablaðsins felst einkum í þrennu; launum starfsfólks, prentkostnaði og dreifingarkostnaði. Það er mat útgefanda að það yrði óhagkvæmt að fjölga útgáfudögum í 48 á ári. Fyrir því eru einkum eftirfarandi ástæður:

- Fjölga þyrfti um a.m.k. þrjú stöðugildi á ritstjórn blaðsins ef fjölga ætti útgáfudögum um helming. Vandséð er að auglýsingatekjur eða rekstrarstyrkur frá hinu opinbera stæði undir því.
- Dreifingarkostnaður er mjög hár og auglýsingatekjur munu ekki ná að dekkja hann. Áralöng barátta við að lækka kostnað við dreifingu hefur ekki skilað miklum árangri. Dreifing á landsbyggðinni hjá Íslandspósti hefur rýrnað mikið og dreifingardögum fækkað. Í raun vinnur gisnari dreifing á landsbyggðinni gegn útgáfu prentmiðla eins og málum er háttað.
- Fastur kostnaður við prentun er hár en breytilegur kostnaður fer lækkandi við aukið upplag og fleiri síður. Fleiri tölublöð og þynnri blöð þýðir hærri prentkostnaður.
- Að auki má nefna þau áhrif sem fleiri útgáfudagar hafa á kolefnisfótspor prentmiðla. Framleiðsla og akstur með prentuð blöð yrði meiri ef útgáfudögum fjölgar.

#### V.

Í greinargerð með frumvarpinu er vikið sérstaklega að rökstuðningi fyrir því að prentmiðlar skuli koma út 48 sinnum á ári til að njóta stuðnings. Sagt er að „... þeir fjölmiðlar sem miðla efni sjaldnar ... geti ekki með fullnægjandi hætti staðið undir því lýðræðislega og samfélagslega hlutverki sem er forsenda endurgreiðslu til einkarekinna fjölmiðla en í því felst meðal annars að upplýsa almenning reglubundið um fréttir og málefni líðandi stundar.“ Þessari fullyrðingu er mótmælt.

Í nútímafjölmiðlun eru prent- og vefmiðlar að miklu leyti samofnir. Til dæmis eru styttri útgáfur greina birtar í prentmiðli og vísað í lengri útgáfu eða ítarefni á vef þar sem bæði er hægt að koma meiri texta fyrir ásamt myndum. Hvað Bændablaðið varðar eru iðulega glænýjar fréttir í prentútgáfunni en þess á milli eru nýjar fréttir sagðar á bbl.is, skrifaðar af sömu ritstjórn. Þannig vinnur vefur og prentútgáfa saman.

VI.

Samkvæmt framansögðu mæla Bændasamtök Íslands, sem útgefandi Bændablaðsins, ekki með samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd. Líkt og í fyrri umsögn er farið fram á að skilyrði sem varða fjölda útgáfudaga verði rýmkuð og ekki einskorðuð við 48 tölublöð á ári. Í f-lið í kaflanum „Skilyrði endurgreiðslu“ muni, í stað setningarinnar „*Prentmiðlar skulu koma út að lágmarki fjörutíu og átta sinnum á ári,*“ komi „*Prentmiðlar skulu koma út að lágmarki tuttugu sinnum á ári*“.


Þá er eins og áður sagði nauðsyn að skilgreina nánar tíðni birtinga á netmiðlum til þess að uppfylla skilyrði endurgreiðslu kostnaðar.

Í ljósi umfangs útgáfu Bændablaðsins og mikils lestrar á meðal almennings telur útgefandi að meðhöndla eigi Bændablaðið eins og önnur blöð sem gefin eru út í landinu, jafnvel þó útgáfutíðni þess einskorðist við 24 tölublöð á ári. Upplag blaðsins er 32 þúsund eintök en fá blöð á Íslandi koma út í jafn stóru upplagi og eru lesin af jafn stórum hluta þjóðarinnar eins og lestrarkannanir sýna. Ef fjöldi útgefinna blaðsíðna á ári (1.424 talsins árið 2019) og upplag er borið saman við aðra prentmiðla, s.s. héraðsfréttablöð með meiri útgáfutíðni, er Bændablaðið samt sem áður stærra að umfangi.

Bændablaðið hefur mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun fréttu, fróðleiks og annarra upplýsinga til sinna lesenda. Samkeppnisstaða Bændablaðsins myndi skekkjast umtalsvert ef aðrir miðlar, sem eru í beinni samkeppni um auglýsingar og áskrifendur, fá stuðning frá hinu opinbera en Bændablaðið ekki.

Verði þess óskað eru fulltrúar Bændablaðsins boðnir og búnir til þess að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til þess að ræða efnisatriði málsins nánar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands og  
Bændablaðsins



Tjörvi Bjarnason  
Sviðsstjóri útgáfu- og kynningarsviðs BÍ  
Netfang: [tjorvi@bondi.is](mailto:tjorvi@bondi.is)  
Sími: 862-3412